

Múlaþing
Sóley Valdimarsdóttir
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 24. maí 2022
UST202205-084/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Valgerðarstaðir - Múlaþing

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Múlaþings er barst 6. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir iðnaðar- og athafnasvæði við Valgerðarstaði í Fellabæ.

Í greinargerð kemur fram skipulagssvæðið er að hluta til byggt og er starfsemin á svæðinu af ýmsum toga eins og steypustöð, verkstæði, geymslur, kyndistöð, lagersvæði, gróðurhús o.fl. Auk þess kemur fram að gert ráð fyrir að afmarka lóðir, staðsetja núverandi lagnaleiðir og skilgreina byggingarreiti fyrir iðnaðar- og athafnasvæði á svæðinu.

Votlendi

Í greinargerð kemur fram að innan skipulagsvæðisins er votlendi sem fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Áhrif á gróðurfar og vistkerfi eru metin neikvæð og gerir tillagan ráð fyrir því að u.þ.b. 3 ha af votlendi muni raskast. Fjallað var um málefnið í Umhverfis- og framkvæmdaráði Múlaþings þann 1. desember 2021 og í Heimastjórn Fljótisdalshéraðs þann 6. desember 2021. Þar var ákveðið að halda skipulagsvinnunni áfram með það að leiðarljósi að vernda votlendið innan svæðisins eins og kostur er eða skilgreina mótvægisáðgerðir komi til röskunar á því.

Umhverfisstofnun bendir á að verndun votlendis „eins og kostur er“, sé orðalag sem er ekki í samræmi við ákvæði náttúruverndarlaga.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Ekki kemur fram í tillögunni hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á votlendinu en mikilvægt er að mati stofnunarinnar að það komi fram.

Þar sem að tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þarf að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum staðsetningarkostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að líta til annarra svæða (sem raska ekki votlendi) og/eða afmarka svæðið í aðal- og deiliskipulagi með tilliti til votlendisins, t.d. að afmarka svæði nær veginum.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur